

Tækniminjasafn Austurlands

Fundargerð

Föstudagur, 16. apríl 2021 kl. 18:00.

Fundað í gegnum fjarfundabúnað Teams.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Skúli Vignisson, Ingirafn Steinarsson, Bjarki Borgþórsson og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Fjármögnun

Forstöðumaður greinir frá niðurstöðu Eflu verkfræðistofu. Samkvæmt minnisblaði frá 08.04.21 unnið af Sigurjóni Jónssyni segir:

Í heildina virðist húsið sem eftir stendur ekki hafa orðið fyrir skemmdum af völdum skriðunnar svo heitið geti á burðarvirki. Húsið þarfnast eftir sem áður talsverðs viðhalds og viðgerða á steinsteyptum veggjum og ytra byrði sem hefur ekki unnist færi á að vinna vegna skorts á fjármagni til þessa.

Stjórn ræðir um framtíðarmöguleika í tengslum við húsið.

Stjórn ákveður að reyna að halda húsinu og skoða nánar hvernig það verði nýtt, m.a. sem minningarreit.

2. Fjármögnun

Forstöðumaður greinir frá jákvæðri niðurstöðu úr Safnasjóði:

- Styrkur upp á 1.3 milljón fékkst fyrir endurskoðun stefnu safnsins.
- Styrkur upp á 1.7 milljón fékkst fyrir fyrsta hluta í geymslutiltekt og flutning safneignar.

Forstöðumaður segir að sendar hafi verið tvær umsóknir í nýstofnaðan Hvatasjóð Seyðisfjarðar. Sótt var um annarsvegar fyrir rekstur og hinsvegar fyrir endurskoðun stefnu safnsins.

3. Skemman við hliðin á Angró

Forstöðumaður hefur ekki fengið lokasvar frá Múlaþingi varðandi kaup á skemmuni, fyrr í vetur bauð sveitafélagið 7 milljónir. Ef salan gengur í gegn mun safnið greiða 500.000 kr. í leigu á ári til 22. okt 2022 en þá mun safnið þurfa að afhenda húsið.

Ingirafn Steinarsson, stjórnarmaður, biður um orðið. Hann og Elfar Már Kjartansson hafa áhuga á að leiga skemmuna af safninu út árið. Þeir vilja byggja upp vinnuástoðu fyrir smíðastarfsemi á þeirra vegum. Tinna bendir á að húsið er ekki á öruggu svæði.

Stjórn veitir forstöðumanni heimild til að ganga frá samningi við Ingirafn og Elfar fram að áramótum og ákveða leiguupphæð.

Forstöðumaður telur að hægt sé að tæma skemmuna á tveimur vikum.

4. Fjárhagsáætlun fyrir 2021

Forstöðumaður leggur fram drög af fjárhagsáætlun fyrir 2021. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um tæplega 900.000 kr. sem ekki gott. Ekki er búið að ráðstafa sumarstyrk frá Múlaþingi og er hann því ekki talin með.

Stjórn er sammála um að aukið rekstrarfé er nauðsynlegt og bráðvantar að auka stöðugildi á safninu á þessum erfiðu tímum.

5. Framtíðaráform

Forstöðumaður telur tímabært að huga að framtíðaráformum safnsins.

Sjórn ákveður að skipulegga vinnufund til að ræða ítarlega framtíð safnsins og möguleika við flutning núverandi fasteigna. Forstöðumaður mun boða til vinnufundar á næstu vikum.

6. Önnur mál

- Forstöðumaður, ásamt Ágústu Kristófersdóttur framkvæmdastjóra safneignar Þjóðminjasafnsins munu halda fyrirlestur um afleiðingarnar af aurskriðunum sem féllu á Seyðisfjörð í desember 2020 sem hrifu meðal annars með sér stóran hluta safnsins. Fyrirlesturinn er á vegum Þjóðminjasafnsins og verður 20. apríl næstkomandi.
- RÚV hefur ákveðið að taka til sýningar heimildarmyndina um Tækniminjasafnið.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir fjóra nemendur til að vinna að rannsókninni Eyðing og framtíð safns, samfélags og þjóðminja. Tækniminjasafnið er samstarfsaðili verkefnisins sem fer fram í sumar og munu nemendur aðstoða m.a. við að pakka Símsstöðinni.